



Kæru þingfulltrúar,

Hér er að finna **mikilvægar upplýsingar** fyrir 57. Landsþing Landsambands hestamannafélaga sem haldið verður á Akureyri 22. og 23. Október 2010 í Brekkuskóla við Laugargötu.

Tillögurnar sem liggja fyrir 57. Landsþing LH eru nú aðgengilegar á heimasíðu LH, www.lhhestar.is. Efst á heimasíðunni er valstika, þar er að finna hnapp sem heitir **Landsþing** og þar er að finna tillögurnar. Það eru 34 tillögur sem liggja fyrir þingið. Vinsamlegast kynnið ykkur tillögurnar vel.

Við vekjum **sérstaka athygli** á því að Landsþingið er nánast **pappírslaust**. Því er mjög mikilvægt að hvert félag taki með sér til þingsins **fartölvur** til þess að nota við vinnu á þinginu.

Við upphaf þingsins fá þingfulltrúar útprentuð fundargögn, þar á meðal tillögurnar sem liggja fyrir þingið. Tillögurnar verða að sjálfsgöðu aðgengilegar á heimasíðunni meðan á þinginu stendur og á sjálfu þinginu verður þeim varpað uppá skjá. Eftir að nefndir taka til starfa, á föstudegi, munu breyttar tillögur eingöngu verða aðgengilegar á netinu, þær verða ekki prentaðar út fyrir þingfulltrúa.

Í Brekkuskóla er þráðlaust net sem verður aðgengilegt þingfulltrúum. Þingfulltrúar verða að passa það að tölvurnar geti tengst þráðlausu neti.

Einnig verður tölvuver skólans með prenturum aðgengilegt þingfulltrúum ef þeir kjósa það sjálfir að prenta út.

Ef þið hafið einhverjar spurningar varðandi þetta fyrirkomulag hafið þá endilega samband við skrifstofu LH, s:514-4030.

Með kveðju,
Skrifstofa LH.